# Áfangalýsing ML

| | |
|---|---|
| **Titill:** | Bókmenntir, leikrit, ljóð, kvikmyndir |
| **Námsgrein:** | Enska |
| **Viðfangsefni:** | Bókmenntir, leikrit, ljóð og kvikmyndir á ensku |
| **Skammstöfun:** | ENSK3LL05 |
| **Þrep:** | 3 |
| **Einingafjöldi:** | 5 |
| **Lýsing:** | Markmið áfangans er tvíþætt; annars vegar að fara yfir bókmenntaverk, bókmenntasögu, leikrit, ljóð og kvikmyndir á enskri tungu og er umfjöllunarefnið sniðið eftir þörfum hverju sinni.<br>Þema áfangans er ákvarðað af kennara og eru tekin fyrir klassísk bókmenntaverk ásamt leikritum, ljóðum og kvikmyndafræðilegum ígrundunum. Hér gefst kostur á að kynnast ýmsu, allt frá klassískum rithöfundum eins og Shakespeare og Dickens, til ljóðrænna stórskálda og hornsteina kvikmyndasögunnar. |
| **Forkröfur:** | ENSK3TE05 |
| **Þekkingarviðmið:** | **Nemandi hafi öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi og í tengslum við sérhæfingu<br>• sérhæfðri þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings fyrir frekara nám<br>• þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í samfélagi sérhæfingar<br>• orðaforða og þekkingu á ensku, sem nýtist til frekara náms eða í tengslum við sérhæfingu, krefjist hún þess |
| **Leikniviðmið:** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• bera kennsl á og nýta sér sérhæfingu sem tengist áhugasviði og/eða hverju því viðfangsefni sem hann kýs að vinna með<br>• tjá sig á skýran, gagnrýninn og skapandi hátt á ensku um sérhæfða þekkingu sína<br>• skipuleggja vinnuferli, beita viðeigandi tækni og aðferðum sérhæfingar á ábyrgan hátt |

| | |
|---|---|
| | • sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við að leita lausna innan sérhæfingar<br>• taka ábyrgan þátt í samræðum um sérhæfða þekkingu sína |
| **Hæfniviðmið:** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• tjá skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt<br>• tjá sig á ensku, sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms<br>• beita siðferðilegri ábyrgð í skapandi starfi<br>• nýta þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu<br>• takast á við frekara nám |
| **Námsmat** | Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá. |